

Húsavík 2.5.2021

Bt. Skipulags og framkvæmdanefndar Norðurþings.

**Efni: sameiginlegt átak til fegrunar á hafnarsvæðinu**

Undirritaður óskar eftir að skoðað sé til hlýtar að Norðurþing leggist á árarnar með Húsavíkurslipp Ehf með því að taka þátt í frágangi á kanti á lóðamörkum Naustagarðs 2 og Hafnarvegar norðaustan lóðarinnar.

Húsavíkurslippur og Norðursigling vinna nú að umhverfisbótum á lóðum félagsins og hafa forsvarsmenn félagsins mikinn metnað til þess að hafnarsvæðið standi undir hinum ört vaxandi væntingum þegar kemur að frágangi og útliti hafnarsvæðisins. Umræddur kanntur sem blandaður er sandi, mól og illgresi er eitt af þeim verkum sem ekki þarf að kosta miklu til að bæta ásjón verulega sem og að koma í veg fyrir að gangstéttar skemmist frekar sem nú hefur þegar hrunið undan.

Virðingarfyllt  
Heimir Harðarson,  
rekstrarstjóri Húsavíkurslipps Ehf.